

**Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 13. mars 2008,
kl. 15.00, á kaffihúsinu Við Árbakkann, Blönduósi.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.
Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Menningarráðs

Aðalfundur Menningarráðs verður haldinn laugardaginn 5. apríl nk., kl. 11.00. Gengið var frá ársskýrslu og reikningar undirritaðir. Fundarboð verður sent til sveitarstjórna 14. mars og ársskýrslur og reikningar 18. mars. Fulltrúafjöldi á fundinum verður samkvæmt nýjum samþykktum SSNV frá 7. mars sl.

2. Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu

Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu – Samstarf til sóknar – verður haldinn laugardaginn 5. apríl nk., kl. 13.00-15.30. Farið var yfir drög að ráðstefnunni og þau samþykkt með nokkrum breytingum.

3. Verkefnastyrkir – umsóknarferli og úthlutun

Umsóknarfrestur vegna fyrri úthlutunar verkefnastyrkja rennur út laugardaginn 15. mars nk. Töluvert hefur borist af umsóknum og vitað er um fleiri sem væntanlegar eru. Ákveðið var að farið yrði yfir umsóknir á næsta fundi sem verður miðvikudaginn 19. mars nk., kl. 11.00, á Skagaströnd.

4. Önnur mál.

Samþykkt var að heimila menningarfulltrúa að ganga inn í tilboð Bíla- og búvélasölnunnar til SSNV varðandi rekstrarleigu á bifreið fyrir akstur menningarfulltrúa á vegum ráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.45.
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.